

L Ö G

um breyting á lögum nr. 52 5. júní 1957, um eyðingu refa og minka.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Fresta skal að framkvæma ákvæði 11. gr. laganna um eitrun fyrir refi og minka næstu 5 ár. Jafnframt er bannað að eitra fyrir þessi dýr á sama tímabili.

Heimilt er þó veiðistjóra eða sérstökum trúnaðarmönnum hans, að fengnu leyfi landbúnaðarráðuneytisins, að eitra fyrir yrðlinga inni í grenjum, þar sem sérstaklega erfiðar aðstæður torvelða vinnslu þeirra með öðrum hætti.

Lyfjaverzlun ríkisins skal láta veiðistjóra í té eitur í þessu skyni, eftir fyrir-mælum heilbrigðismálaráðuneytisins.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 12. maí 1969.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Ingólfur Jónsson.

L Ö G

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja Árskógshreppi Hauganesland.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að selja Árskógshreppi land það, sem tilheyrir Hauganesi í þeim hreppi, fyrir það verð, er um semst eða verður ákveðið samkvæmt mati dómkvaddra manna.

Hreppsnefnd Árskógshrepps er óheimilt að selja öðrum en ríkissjóði umrætt land eða hluta af því.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 12. maí 1969.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Ingólfur Jónsson.